

REGLUGERÐ

um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglugerð þessi gildir um alla þá einstaklinga sem sóttvarnalæknir skyldar í sóttkví eða einangrun á grundvelli sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, vegna SARS-CoV-2 veirunnar hvort sem það leiðir af sóttvarnalögum eða reglugerð þessari eða ákvörðun sem beint er sérstaklega að viðkomandi. Reglugerð þessi gildir jafnframt um sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19.

2. gr.

Skilgreiningar.

Einangrun: Aðskilnaður einstaklinga sem eru smitaðir eða bera með sér sýkingar, og skapa því hættu fyrir lýðheilsu, frá öðrum á þann hátt sem kemur í veg fyrir útbreiðslu sýkingar.

Ferðamaður: Einstaklingur á ferð milli landa. Hugtakið nær þannig til allra einstaklinga sem eru á ferð milli landa, hvort sem þeir eru íslenskir ríkisborgarar eða ekki.

Ferðamenn með tengsl við Ísland: Íslenskir ríkisborgarar, einstaklingar búsettir á Íslandi, með dvalar- eða atvinnuleyfi á Íslandi, þ. á m. umsækjendur um slíkt leyfi og aðstandendur þeirra. Einnig einstaklingar með langtímavegabréfsáritun á Íslandi, umsækjendur um alþjóðlega vernd og einstaklingar sem koma til landsins vegna vinnu eða náms sem mun standa lengur en sjö daga og aðstandendur þeirra.

Ónæmisadgerð: Skipulögð adgerð sem örvar ónæmiskerfið til að halda smitsjúkdómi í skefjum í samfélaginu, svo sem með bólusetningu eða gjöf mótefna.

Smitrakning: Þegar rakinn er smit á milli einstaklinga með nákvæmu samtali við þá sem eru smitaðir til að komast að því hvar viðkomandi smitaðist og hverja hann gæti hafa smitað, og önnur upplýsingaöflun í því skyni að finna þá sem kunna að hafa verið útsettir fyrir smiti.

Sóttkví: Takmörkun á athafnafrelsi og/eða aðskilnaður einstaklinga sem grunur leikur á að hafi verið útsettir fyrir smiti, en eru ekki veikir, frá öðrum á þann hátt sem kemur í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu sýkingar.

Sóttvarnahús: Staður þar sem einstaklingur, sem ekki á samastað á Íslandi eða getur af öðrum sökum ekki eða vill ekki einangra sig í húsnaði á eigin vegum, getur verið í sóttkví eða einangrun vegna gruns um að hann sé smitaður af farsótt eða ef staðfest er að svo sé.

II. KAFLI

Einangrun og sóttkví.

3. gr.

Skylda til að sæta einangrun.

Einstaklingur sem er með staðfesta sýkingu af COVID-19 skal vera í einangrun í heimahúsi eða á stað sem sóttvarnalæknir eða umdæmislæknir sóttvarna á hverjum stað tilgreina, svo sem sóttvarnahúsi, sbr. 6. gr. Í þeim tilvikum sem grunur er um að jákvætt PCR-próf sýni eldra smit getur einstaklingur gengist undir mótefnamælingu á blóðsýni. Leiði mat á mótefnamælingu að viðkomandi sé ekki talinn smitandi þarf hann ekki að sæta einangrun.

Einstaklingur sem er með staðfesta sýkingu af COVID-19 með PCR-prófi skal vera í einangrun í 7 daga frá greiningu. Þó er læknum COVID-19 göngudeildar Landspítala heimilt að framlengja einangrun einstaklings með COVID-19 á grundvelli læknisfræðilegs mats. Að öðru leyti fer um afléttingu einangrunar eftir leiðbeiningum sóttvarnalæknis, sbr. fylgiskjal 2.

Einstaklingur í einangrun á að halda sig heima við og hafa bein samskipti við sem fæsta. Þó er einstaklingi í einangrun, öðrum en þeim sem dvelst í sóttvarnahúsi, heimilt að fara í gönguferðir í nærumhverfi heimilis fylgi hann leiðbeiningum sóttvarnalæknis í þeim, sbr. fylgiskjal 2. Ákvæði 5. gr. á einnig við um þá sem sæta einangrun nema strangari reglur eigi við. Þannig má einstaklingur í einangrun t.a.m. ekki nota leigubíla.

Einstaklingur sem er smitaður skal vera einsamall í einangrun. Aðrir heimilismenn geta þó verið í sóttkví á sama stað ef þeir vilja ekki eða geta ekki farið af heimilinu en þeir eiga að takmarka snertingu við þann sem er í einangrun eins og raunhæft er og helst að halda sig í a.m.k. 2 m fjarlægð frá hinum smitaða. Ef fleiri veikjast á heimilinu lengir það tíma sem aðrir heimilismenn þurfa að vera í sóttkví og mögulega einangrun.

Nánari fyrirmæli um einangrun er að finna í leiðbeiningum sem sóttvarnalæknir hefur gefið út fyrir almenning um einangrun, sbr. fylgiskjal 2. Enn fremur getur sóttvarnalæknir mælt sérstaklega fyrir um hvernig einangrun skuli háttað í einstaka tilfellum, telji hann tilefni til.

4. gr.

Skylda til að fara í sóttkví eða viðhafa smitgát.

Allir þeir sem grunur leikur á að hafi umgengist dvalið einstakling á sama dvalarstað og einstaklingur með COVID-19 skulu fara í sóttkví í 5 fimm daga, frá því að þeir umgengust dvöldust síðast smitaðan með einstakling smituðum einstaklingi, sem þeir losna úr með neikvæðri niðurstöðu úr PCR-prófi. Í sóttkví samkvæmt reglugerð þessari felst takmörkun á athafnafrælsi og aðskilnaður einstaklinga sem grunur leikur á að hafi verið útsettur fyrir smiti, sbr. þó 2. mgr. Dveljist einstaklingur í sóttkví án þess að viðhafa fullan aðskilnað við einstakling í einangrun skal sóttkví þó aldrei aflétt fyrr en degi eftir afléttingu einangrunar þess einstaklings sem henni sætti í kjölfar neikvæðrar niðurstöðu úr PCR-prófi þess sem sætir sóttkví. Þá skal einstaklingur sem gengst ekki undir PCR-próf til afléttingar á sóttkví sæta henni í 14 daga frá útsetningu fyrir smiti.

Einstaklingum sem eru bólusettir gegn COVID-19 með þremur skömmtum af bóluefni, viðurkenndu af Lyfjastofnun, þar sem þriðji skammtur var gefinn a.m.k. 14 dögum fyrir útsetningu smits og einstaklingum sem hafa fengið staðfest smit af COVID-19 og verið bólusettir með tveimur skömmtum af bóluefni gegn COVID-19, viðurkenndu af Lyfjastofnun, þar sem annar skammtur var gefinn a.m.k. 14 dögum fyrir útsetningu smits, ber þó ekki að viðhafa fullan aðskilnað á meðan sæta sóttkví þeirra skv. stendur 1. en mgr. heldur viðhafa smitgát og fer um skyldur þeirra eftir 5. gr. a. Jafnframt ber þeim að gangast undir PCR-próf eigi fyrr en á fimmta degi smitgátar, sem skal aflétt í sóttkví kjölfar neikvæðrar niðurstöðu prófs, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr.

Þá ber öðrum sem hafa verið í umgengni við einstakling með COVID-19, utan dvalarstaðar, að viðhafa smitgát í fimm daga frá því þeir umgengust síðast smitaðan einstakling. Um skyldur þeirra fer eftir 5. gr. a.

Börn Leiði fædd smitakning í ljós að útsetning einstaklings hafi verið minni háttar er einstaklingi heimilt að viðhafa smitgát, sbr. leiðbeiningar sóttvarnalæknis 2006 og ákvörðun síðar smitakningateymis, eru í þó stað undanþegin sóttkvíar. Smitgát í vegna því umgengni felst utan að næstu sjö daga frá útsetningu skal takmarka samneyti dvalarstaðar við viðkvæma einstakling einstaklinga með og aðra eins og hægt er, gæta vel að persónubundnum sóttvörnum og fara þegar í stað í PCR COVID - sýnatöku ef einkenni koma fram 19.

Um jákvæða niðurstöðu PCR-prófs fer eftir 3. gr.

5. gr.

Skyldur einstaklinga sem sæta sóttkví.

Þeim sem gert hefur verið að sæta sóttkví samkvæmt reglugerð þessari er skylt að halda sig heima við eða á þeim stað þar sem þeir eru í sóttkví. Einstaklingur í heimasóttkví skal aðskilja sig frá öðrum utan dvalarstaðar.

Í sóttkví felst eftirfarandi:

- Einstaklingur má ekki fara út af heimili nema brýna nauðsyn beri til, svo sem til að sækja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Einstaklingur má þó fara í gönguferðir en þarf að halda sig í a.m.k. 2 metra fjarlægð frá öðrum vegfarendum.
- Einstaklingur má ekki taka á móti gestum á heimili sínu eða á þeim stað þar sem hann er í sóttkví meðan sóttkví stendur yfir.
- Einstaklingur má ekki nota almenningssamgöngur en honum er heimilt að nota leigubíl.
- Einstaklingur má ekki fara til vinnu eða skóla þar sem aðrir eru.
- Einstaklingur má hvorki fara á mannamót né staði þar sem margir koma saman, þ.m.t. verslanir eða lyfjabúðir.

f. Einstaklingur má ekki dvelja í sameiginlegum rýmum fjölbýlishúsa, hótela og öðrum sambærilegum rýmum, svo sem stigagöngum, þvottahúsum eða sameiginlegum gördum/útivistarsvæðum, nema á leið inn og út.

Dvalarstaður í heimasóttkví skal að öðru leyti uppfylla skilyrði sem fram koma í leiðbeiningum sóttvarnalæknis um húsnæði í sóttkví, sbr. fylgiskjal 3.

Sóttvarnalæknir gefur út nánari leiðbeiningar fyrir almenning um sóttkví, sbr. fylgiskjal 1. Einnig getur hann mælt sérstaklega fyrir um hvernig sóttkví skuli háttað í einstaka tilfellum, telji hann tilefni til.

5. gr. a

Skyldur ~~þróbólusettra~~ einstaklinga í sem sóttkví viðhafa smitgát.

~~Þeim einstaklingum sem gert hefur verið að sæta sóttkví samkvæmt reglugerð þessari en hafa fengið þjá skammta af bóluefni gegn COVID-19 eða smitast hafa af COVID-19 og verið bólusettir með tveimur skömmtum af bóluefni gegn COVID-19, sbr. 2. mgr. 4. gr., ber ekki að viðhafa fullan aðskilnað á meðan sóttkví þeirra stendur. Í sóttkví þeirra smitgát felst takmörkun á athafnafrelsi í 5 fimm daga eftir útsetningu smits með eftirfarandi hætti:~~

- ~~Einstaklingur má skal hvorki fara á mannabót né forðast staði þar sem eru fleiri koma saman heldur en 20 manns.~~
- ~~Þrátt fyrir a-lið má einstaklingur sækja vinnu eða skóla þótt þar séu fleiri komnir saman sem og sækja sér nauðsynlega þjónustu, s.s. svo sem heilbrigðisþjónustu, sækja matvöru eða lyfjaverslanir verslanir og nota almenningssamgöngur.~~
- ~~Einstaklingur skal bera grímu í umgengni við einstaklinga, aðra en þá sem teljast vera í nánum tengslum, þótt utan- umnt sem sé að viðhafa tveggja metra fjarlægð innandyrá.~~
- ~~Einstaklingi er ekki heimilt að fara í heimsókn á heilbrigðisstofnanir, þ.m.t. hjúkrunarheimili, nema með sérstöku leyfi viðkomandi stofnunar.~~
- ~~Einstaklingur skal forðast umgengni við einstaklinga sem eru í aukinni hættu á alvarlegum veikindum ef þeir smitast af COVID-19.~~
- ~~Einstaklingur skal undirgangast PCR-sýnatöku fimm dögum eftir útsetningu eða síðar, dveljist hann í sóttkví með einstakling í einangrun, sbr. 1. og 3. málsl. 1. mgr. 4. gr. Jafnframt er einstaklingi skylt að undirgangast PCR-sýnatöku án tafar vakni hjá honum grunur um smit sökum einkenna. Neikvæð niðurstaða úr slíku prófi stýttir þó ekki sóttkví smitgát.~~

6. gr.

Sóttvarnahús.

Einstaklingur, hvort sem hann er ferðamaður eða ekki, sem gert er að sæta einangrun og á ekki samastað á Íslandi eða getur af öðrum sökum ekki eða vill ekki einangra sig í húsnæði á eigin vegum, sem uppfyllir skilyrði 3. og 5. gr. og leiðbeiningar sóttvarnalæknis, sbr. fylgiskjal 2, skal dvelja í einangrun í sóttvarnahúsi og lúta þeim reglum sem um það gilda í þeim tilgangi að aðskilja sig frá öðrum til að koma í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu COVID-19.

Þeim sem greinast í sýnatöku skv. 3. gr. með afbrigði SARS-CoV-2 veirunnar sem eru meira smitandi en önnur afbrigði og/eða valda alvarlegri sjúkdómi er skylt að dvelja í sóttvarnahúsi.

Sóttvarnalæknir getur í undantekningartilvikum ákveðið að einstaklingur sem sætir sóttkví skuli dveljast í sóttvarnahúsi, svo sem ef viðkomandi hefur engin tök á því að einangra sig í húsnæði á eigin vegum eða verða sér úti um annan samastað í þeim tilgangi, sbr. fylgiskjöl 1 og 3, eða sýnt þykir að hann muni ekki hlíta reglum um sóttkví.

Einangrun eða sóttkví í sóttvarnahúsi felst í eftirfarandi:

- Einstaklingur, þ.m.t. ferðamaður, skal ekki fara út úr sóttvarnahúsi nema brýna nauðsyn beri til, svo sem til að sækja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Þó er einstaklingi í sóttkví heimilt að stunda útiveru í samræmi við leiðbeiningar sóttvarnalæknis en þarf að halda sig í a.m.k. 2 metra fjarlægð frá öðrum. Fullorðnum í sóttkví skal að lágmarki boðin útivera einu sinni yfir daginn í tvo daga af þeim fimm sem þeir sæta sóttkví í sóttvarnahúsi. Miða skal við að útivera sé ekki lengri en klukkustund. Þurfi þeir að dvelja lengur skal bjóða útiveru á hverjum degi frá sjötta degi. Óska skal leyfis til útiveru til rekstraraðila sóttvarnahúss sem annast skipulag útiveru fyrir alla þá sem dveljast í sóttvarnahúsi.

- b. Einstaklingur, þ.m.t. ferðamaður, má ekki taka á móti gestum í sóttvarnahúsi.
- c. Einstaklingur, þ.m.t. ferðamaður, má ekki dvelja í sameiginlegum rýmum sóttvarnahúss, svo sem stigagöngum eða sameiginlegum útsvæðum.
- d. Sérstakt tillit skal tekið til barna sem dvelja í sóttvarnahúsi, svo sem vegna útiveru og aðbúnaðar. Þrátt fyrir a-lið og 3. mgr. 3. gr. skal bjóða börnum, hvort sem þau eru í sóttkví eða einangrun, og þeim sem dveljast með þeim, hvort sem viðkomandi er í sóttkví eða einangrun, útiveru daglega.

III. KAFLI

Sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands.

7. gr.

Skyldur ferðamanns með tengsl við Ísland.

Fyrir komuna til Íslands er ferðamanni, sem hefur tengsl við Ísland, skylt að forskrá sig með því að fylla út rafrænt eyðublað þar sem koma fram meðal annars samskiptaupplýsingar, upplýsingar um hvar viðkomandi hefur dvalið, hvar hann hyggst dvelja í sóttkví á Íslandi, brottfarardagur frá Íslandi ef við á og upplýsingar um heilsufar. Þeim sem flytja farþega til Íslands er skylt að vekja athygli ferðamanns á skyldu til forskráningar með hæfilegum fyrirvara.

Við komu til landsins skal ferðamaður, með tengsl við Ísland, sem hefur dvalið meira en sólarhring á síðastliðnum 14 dögum á svæði skilgreindu af sóttvarnalækni sem áhættusvæði, framvísa einu af eftirfarandi vottorðum:

- a. viðurkenndu vottorði um bólusetningu, sbr. a-c-lið 1. mgr. 9. gr.,
- b. viðurkenndu vottorði sem staðfestir jákvæða niðurstöður úr PCR-prófi sem er eldra en 14 daga gamalt, sbr. d-lið 1. mgr. 9. gr., eða
- c. viðurkenndu vottorði sem staðfestir mótefni með mótefnaprófi, sbr. e-lið 1. mgr. 9. gr.

Jafnframt skal ferðamaður með tengsl við Ísland gangast undir mótefnavakapróf (antigen-hraðpróf) eða PCR-próf á næstu tveimur dögum frá komu til landsins. Undanþeginn þessari skyldu er sá sem framvísar vottorði skv. b-lið 2. mgr. sem sýnir að 14-180 dagar eru liðnir frá COVID-19 sýkingu.

Barn fætt 2005 og síðar er undanþegið skyldum skv. 1.-3. mgr. Sama á við tengifarþega sem fara ekki út fyrir landamærastöð og Flugáhöfn í vinnuferð sem hefur dvalist utan Íslands í 48 klukkustundir eða skemur.

Þeim sem ekki geta framvísað vottorði skv. 2. mgr. er skylt að fara í PCR-sýnatöku á landamærastöð eða annars staðar þar sem sóttvarnalæknir ákveður við komuna til landsins og síðan í sóttkví þangað til niðurstöður liggja fyrir úr annarri PCR-sýnatöku sem skylt er að undirgangast og framkvæma skal 5 dögum eftir komu til landsins.

Sóttvarnalæknir skal reglulega endurmeta hvaða lönd og svæði teljast áhættusvæði, svo sem með hliðsjón af skilgreiningum alþjóðastofnana.

8. gr.

Skyldur ferðamanns sem hefur ekki tengsl við Ísland.

Fyrir komuna til Íslands er ferðamanni, sem hefur ekki tengsl við Ísland, skylt að forskrá sig með því að fylla út rafrænt eyðublað þar sem koma fram meðal annars samskiptaupplýsingar, upplýsingar um hvar viðkomandi hefur dvalið, hvar hann hyggst dvelja í sóttkví á Íslandi, brottfarardagur frá Íslandi ef við á og upplýsingar um heilsufar. Þeim sem flytja farþega til Íslands er skylt að vekja athygli ferðamanns á skyldu til forskráningar með hæfilegum fyrirvara.

Við komuna til landsins skal ferðamaður, sem hefur ekki tengsl við Ísland, framvísa eftirfarandi vottorðum:

- a. viðurkenndu vottorði um bólusetningu, vottorði um jákvæða niðurstöðu PCR-prófs sem er eldra en 14 daga gamalt eða mótefnavottorði,
- b. neikvæðu COVID-19 prófi, annaðhvort PCR-prófi eða mótefnavakaprófi (antigen-hraðprófi) sem er ekki eldra en 72 klukkustunda gamalt við byrðingu erlendis. Undanþeginn þessari skyldu er sá sem framvísar vottorði skv. d-lið 1. mgr. 9. gr. sem sýnir að 14-180 dagar eru liðnir frá COVID-19 sýkingu.

Barn fætt 2005 og síðar er undanþegið skyldum skv. 1.-2. mgr. Sama á við tengifarþega sem fara ekki út fyrir landamærastöð.

Þeim sem ekki geta framvísað vottorði skv. a-lið 2. mgr. er skylt að fara í PCR-sýnatöku á landamærastöð eða annars staðar þar sem sóttvarnalæknir ákveður við komuna til landsins og síðan í sóttkví þangað til niðurstöður liggja fyrir úr annarri PCR-sýnatöku sem skylt er að undirgangast og framkvæma skal 5 dögum eftir komu til landsins.

9. gr.

Vottorð.

Eftirfarandi vottorð teljast viðurkennd vottorð:

- a. alþjóðabólusetningarskírteinið gefið út í samræmi við alþjóðaheilbrigðisreglugerð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar,
- b. bólusetningavottorð sem staðfestir bólusetningu með bóluefni sem Lyfjastofnun Evrópu hefur mælt til að fái markaðsleyfi eða Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur viðurkennt og sem uppfyllir leiðbeiningar sóttvarnalæknis um vottorð, svo sem um mat á vottorðum við landamæri og efni og form vottorða, t.a.m. um tungumál og hvaða upplýsingar vottorð skal innihalda, svo sem nafn, fæðingardag, hvar og hvenær bólusetning fór fram, framleiðandi bóluefnis og upplýsingar um aðila ábyrgan fyrir útgáfu vottorðs,
- c. stafrænt evrópskt vottorð, og vottorð sem eru talin jafngild þeim, gefin út á grundvelli reglugerðar nr. 777/2021, um gildistöku á reglugerð (ESB) 2021/953 um ramma um útgáfu, sannpröfun og viðurkenningu samvirkandi vottorða um bólusetningu, próf og bata til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19 heimsfaraldurinn stendur yfir,
- d. vottorð sem staðfestir jákvæða niðurstöður úr PCR-prófi sem er eldra en 14 daga gamalt,
- e. vottorð sem staðfestir mótefni með mótefnaprófi sem framkvæmt er með ELISA-aðferð eða sambærilegri aðferð samkvæmt nánari ákvörðun sóttvarnalæknis.

Bólusetningavottorð skv. 1. mgr. telst þó aðeins viðurkennt ef 14 dagar hafa liðið frá seinni bólusetningu eða 14 dagar hafa liðið frá bólusetningu ef eingöngu er framkvæmd ein bólusetning samkvæmt markaðsleyfi bóluefnisins. Þá telst bólusetningavottorð skv. 1. mgr. aðeins viðurkennt hafi ekki liðið meira en 270 dagar frá grunnbólusetningu í þeim tilvikum sem einstaklingur hefur ekki gengist undir örvunarbólusetningu.

Sóttvarnalækni er heimilt að gefa út nánari leiðbeiningar um vottorð, þ.m.t. neikvæð COVID-próf, svo sem um mat á vottorðum við landamæri og efni og form vottorða, t.a.m. um tungumál og hvaða upplýsingar vottorð skal innihalda, svo sem nafn, fæðingardag, hvar og hvenær sýnataka fór fram, heiti rannsóknarstofu/útgefanda vottorðs, dagsetningu vottorðs, upplýsingar um aðila ábyrgan fyrir útgáfu vottorðs, tegund prófs og niðurstöðu rannsóknar.

Sóttvarnalækni er heimilt að leyfa rafræna skoðun og staðfestingu á gildi vottorða fyrir brottför, svo sem í samráði við flugrekendur.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Sýnataka.

Sýnataka skal skipulögð af sóttvarnalækni.

Lífsýni sem tekin eru samkvæmt þessari reglugerð skulu einungis rannsökuð m.t.t. SARS-CoV-2 veirunnar. Lífsýnum skal eytt að lokinni greiningu.

11. gr.

Gjaldtaka.

Sýnataka og dvöl í sóttvarnahúsi samkvæmt reglugerð þessari er gjaldfrjáls.

Komi ferðamaður á landamærastöð þegar er ekki unnt að taka sýni og hann er ekki á áætlunarferð, getur hann þó óskað eftir sýnatöku með útkalli. Þeim sem sinnir slíku útkalli er þó heimilt að taka gjald sem nemur 60.000 kr. fyrir útkallið. Gjaldið myndar ekki afsláttarstofn skv. 4. gr. reglugerðar um greiðslupátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, sbr. jafnframt 29. gr. laga nr. 112/2008.

12. gr.

Undanþágur.

Sóttvarnalæknir getur veitt undanþágu frá sóttkví að öllu leyti eða hluta til vegna mjög sérstakra aðstæðna enda sé tryggt að það komi ekki niður á smitvörnum.

Sóttvarnalæknir getur veitt undanþágu frá sóttkví skv. 4. gr. vegna samfélagslega ómissandi innviða sem mega ekki stöðvast, svo sem á sviði raforku, fjarskipta, samgangna, sorphirðu, heilbrigðisstarfsemi, löggæslu, sjúkraflutninga eða slökkviliða. Hið sama á við vegna kerfislega og efnahagslega mikilvægrar starfsemi, svo sem til að tryggja fæðuöryggi, dreifingu nauðsynjavara eða efnahagslegt öryggi ríkisins með útflutningi.

Sóttvarnalæknir getur veitt ferðamanni undanþágu frá sóttkví að hluta, sé hann kominn hingað til lands vegna nauðsynlegs vinnutengds verkefnis.

Sóttvarnalækni er heimilt að veita undanþágu frá sóttkví skv. 4. gr. ef staðfest er að einstaklingur hafi sýkst af SARS-CoV-2 veirunni.

Sóttvarnalækni er heimilt að veita undanþágu frá sýnatöku og/eða framvísun vottorðs um neikvætt PCR-próf skv. 4. gr. til einstaklinga sem fylgja leiðbeiningum sóttvarnalæknis um vinnuferðir erlendis. Slíka undanþágu er einungis heimilt að veita starfsfólki í heilbrigðisþjónustu, starfsfólki sem sinnir flutningum á vöru og þjónustu og starfsfólki lögreglu vegna nauðsynlegra ferða starfs síns vegna.

Í samráði við ráðherra sem fer með utanríkismál er sóttvarnalækni heimilt, vegna brýnna erindagjörða, að ákveða sérstakt fyrirkomulag um sóttkví, einangrun og sýnatöku fyrir einstaklinga og sendinefndir sem koma til landsins á vegum íslenskra stjórnvalda, starfsmenn sendiskrifstofa og aðra fulltrúa erlendra ríkja, starfsmenn alþjóðastofnana og einstaklinga í boði þeirra sem þurfa að koma til landsins vegna starfsemi þessara stofnana, meðlimi herliðs og starfsmenn sem sinna mannúðaraðstoð og almannavörnum og fjölskyldur allra framangreindra aðila.

Sóttvarnalækni er heimilt að veita undanþágu frá sóttvarnaráðstöfunum í 4. gr., að hluta eða að öllu leyti, svo sem framvísun neikvæðs PCR-prófs, gagnvart flugáhöfnum sem dvelja hér á landi í takmarkaðan tíma, enda sé tryggt að það komi ekki niður á smitvörnum.

Þeir sem sýna fram á, með hæfilegum fyrirvara, að sýnataka sé ekki framkvæmanleg vegna læknisfræðilegra ástæðna eru undanþegnir sýnatöku skv. 4. gr. og framvísun neikvæðs PCR-prófs samkvæmt sama ákvæði. Þess í stað skulu þeir sæta 14 daga sóttkví frá komu til landsins, eftir atvikum í sóttvarnahúsi, sbr. 5. gr.

13. gr.

Eftirlit.

Sóttvarnalæknir fer með eftirlit samkvæmt reglugerð þessari og í samræmi við sóttvarnalög nr. 19/1997, með síðari breytingum, þ.m.t. eftirlit með að einstaklingur, meðal annars ferðamaður, haldi sóttkví eða einangrun og að húsnæði uppfylli skilyrði reglugerðar þessarar. Sóttvarnalæknir getur óskað eftir að almannavarnadeild ríkislögreglustjóra annist tiltekna þætti við skipulagningu eftirlits samkvæmt heimildum í lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, öðrum en þeim er lúta að stjórnvaldsákvörðunum sóttvarnalæknis eða mati á því hvort skilyrði sóttvarnalaga og reglugerðar þessarar um einangrun og sóttkví séu uppfyllt.

Umfang eftirlits sóttvarnalæknis um hvort einangrun og sóttkví sé viðhaldið skal taka mið af sóttvarnalögum nr. 19/1997, með síðari breytingum, og meðalhöfsreglu stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Sóttvarnalækni er heimilt að fela öðrum eftirlitshlutverk sitt, svo sem með verktöku. Eftirlit með einstaklingum, þ.m.t. ferðamönnum, sem sæta sóttkví og einangrun skal að jafnaði fara fram með samtali og eftir atvikum með því að fara á vettvang þar sem sóttkví eða einangrun fer fram í því skyni að tryggja að sá sem sóttkví sætir aðskilji sig með fullnægjandi hætti frá öðrum. Með samþykki þess sem er í sóttkví eða einangrun er eftirlitsaðila heimilt að kynna sér aðstæður þess sem sætir sóttkví eða einangrun, m.a. húsnæði. Vakni grunur um brot skal lögreglu gert viðvart.

Ef sóttvarnalæknir telur að framkomnar upplýsingar eða gögn sem einstaklingur leggur fram vegna eftirlits með sóttkví eða einangrun bendi til þess að skilyrði sóttkvíar eða einangrunar séu ekki uppfyllt, eða ef viðkomandi neitar að veita fullnægjandi upplýsingar þar um, er sóttvarnalækni heimilt að taka ákvörðun um að einstaklingur, þ.m.t. ferðamaður, sæti sóttkví eða einangrun í sóttvarnahúsi.

Neiti einstaklingur að fara í einangrun eða sóttkví samkvæmt reglugerð þessari er sóttvarnalækni heimilt að leita aðstoðar lögreglufyrivalda til að framfylgja ákvörðun sinni um aðgerð til að varna smiti skv. 14. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, með síðari breytingum. Í þeim tilgangi er lögreglu enn fremur heimilt að kanna hvort einstaklingur er á þeim stað sem hann sætir sóttkví í samræmi við ákvæði 7. gr. Áður en gripið er til þvingunaraðgerða skal ætíð reynt að leysa mál með öðrum hætti. Þá er lögreglustjóra heimilt að vísa erlendum ríkisborgara úr landi við komu eða allt að sjö sólarhringum eftir komu, sé hann ekki búsettur hér á landi og neiti að verða við fyrirmælum samkvæmt reglugerð þessari. Ákvörðun um frávísun er kæraneleg til kærunefndar útlendingamála, en kæra frestar ekki framkvæmd ákvörðunar. Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt lögum um útlendinga.

Takist ekki samstarf við einstakling, sem gert er að sæta einangrun eða sóttkví samkvæmt reglugerð þessari eða tilkynningu frá sóttvarnalækni, skal sóttvarnalæknir taka formlega ákvörðun í málinu í samræmi við 14. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

14. gr.

Kæruheimildir.

Ákvarðanir sóttvarnalæknis um einangrun skv. 3. gr. og um sóttkví skv. 1. mgr. 4. gr., 5. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr., eru ekki kæranelegar til ráðherra en þær má bera undir dóm, sbr. 11. mgr. 14. gr. sóttvarnalaga. Hið sama á við um ákvarðanir um einangrun og sóttkví í sóttvarnahúsi skv. 6. gr.

Aðrar stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt reglugerð þessari, sem ekki fela í sér sviptingu frelsis, þ.m.t. sóttkví þrífólusettra skv. 5. gr. a, sæta kæru til ráðherra, sbr. 10. mgr. 14. gr. sóttvarnalaga.

15. gr.

Viðurlög.

Ferðamaður sem framvísar ekki vottorði um neikvæða niðurstöðu hraðprófs eða PCR-prófs, en er það þó skylt skv. 2. mgr. 8. gr., skal gangast undir PCR-próf við komu á landamærastöð og sæta sóttkví þar til niðurstaða prófsins liggur fyrir.

Ef minnsti vafi leikur á um trúverðugleika vottorðs skv. 9. gr. eða vottorð telst ógilt samkvæmt nánari leiðbeiningum sóttvarnalæknis er ferðamanni skylt að fara í sýnatöku og sóttkví skv. 5. mgr. 7. gr. eða 4. mgr. 8. gr. Framvísi ferðamaður vottorði um bólusetningu þar sem 14 dagar hafa ekki liðið frá seinni bólusetningu eða 14 dagar ekki liðið ef eingöngu er framkvæmd ein bólusetning samkvæmt markaðsleyfi bólusefnisins, skal hann þó aðeins gangast undir PCR-próf við komu á landamærastöð og sæta sóttkví þar til niðurstaða prófsins liggur fyrir.

Einstaklingur sem sætir sýnatöku skv. 2. eða 3. mgr. er undanþegin skyldu til að gangast undir hraðpróf eða PCR-próf á næstu tveimur dögum frá komu til landsins, skv. 1. mgr.

Einstaklingur sem getur ekki eða vill ekki gangast undir sýnatöku skv. 2. eða 3. mgr. skal sæta sóttkví í 14 daga frá komu til landsins.

Brot gegn reglugerð þessari varða enn fremur sektum eða fangelsi skv. 19. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 eða 175. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

16. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er á grundvelli 12., 13., 14. og 18. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1240/2021, um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19, með síðari breytingum.

Reglugerð þessi fellur úr gildi 1. mars 2022.

- Heilbrigðisráðuneytinu, 19. janúar 2022. -

- Willum Þór Þórsson
heilbrigðisráðherra.

- Ásta Valdimarsdóttir -

FYLGISKJAL 1.**LEIÐBEININGAR SÓTTVARNALÆKNIS fyrir almenning varðandi heimasóttkví.**

Þeir sem koma til Íslands eftir að hafa verið á [áhættusvæðum erlendis](#) skulu forskrá sig fyrir komuna til landsins. Einstaklingar sem eru fullbólusettir, með staðfesta fyrri sýkingu eða mótefni sem og börn fædd 2005 og síðar eru undanþegin sóttkví eftir ferðalag en aðrir ferðamenn þurfa að sæta sóttkví.

Þeir sem hafa verið í nánd við einstakling með COVID-19 geta þurft að sæta sóttkví skv. reglugerð og ákvörðun smitrakningateymis almannavarna og sóttvarnalæknis.

Orðalagið „heimasóttkví“ er notað í þessu og öðrum skjölum sem varða reglur um sóttkví í húsnæði sem ekki telst til opinberra sóttvarnahúsa, hvort sem um er að ræða heimahús, hótél, eða aðra gistimöguleika sem teljast viðeigandi húsnæði fyrir sóttkví. Þannig er orðið „heima“ og „heimili“ notað um aðstöðu sem notuð er til sóttkvíar, hvort sem einstaklingur er búsettur þar að staðaldri eða ekki.

Orðið „ferðamaður“ er notað yfir alla þá sem koma til Íslands, óháð búsetu, þjóðerni eða tilgangi ferðalags.

Fyrir þá sem þurfa að fara í sóttkví gilda sömu leiðbeiningar um heimasóttkví vegna ferðalags og fyrir þá sem eru útsettir fyrir smiti nema að ferðamenn þurfa að fara í sýnatöku við komuna. Sóttkví er aflétt með neikvæðri niðurstöðu PCR-sýnatöku eftir 5 daga en að öðrum kosti varir sóttkví í 14 daga.

Sérstakar leiðbeiningar til viðbótar geta gilt um sóttvarnahús/sóttkvíarhótél.

Brot á sóttvarnarreglum geta varðað sektum. Heimild sóttvarnalæknis til að grípa til sóttkvíar og einangrunar er byggð á lögum nr. 19/1997. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun um sóttkví eða einangrun skal beina til sóttvarnalæknis. Nánar um skyldu einstaklinga til að sæta sóttkví eða einangrun eða undirgangast sýnatöku vegna COVID-19 [má lesa hér](#).

Við upphaf á sóttkví í heimahúsi skal einstaklingur kynna sér eftirfarandi ítarlegar upplýsingar um smitleiðir og einkenni COVID-19 sýkingar sem finna má [á vef embættis landlæknis](#).

Sóttkví.

- Aðilar sem ekki hafa verið útsettir fyrir smiti geta verið á heimilinu með einstaklingi sem er í sóttkví en gæta að smitvörnum eins og kostur er. Þeir mega stunda vinnu og skóla utan heimilis.
- Heimilismenn sem voru útsettir fyrir smiti á sama tíma geta verið í sóttkví saman á sama stað.
- Náin umgengni þess sem er í sóttkví við annað fólk er óæskileg t.d. kossar og faðmlög. Einnig getur sá einstaklingur þurft aðstoð við aðföng o.þ.h.
 - Ef heimilið er í sóttkví geta vinir eða ættingjar sinnt aðföngum og skilið eftir við útidyr en eiga **ekki** að hafa bein samskipti við aðila í sóttkví.
 - Ef heimsending matvæla og annarra nauðsynja er í boði á svæðinu er hægt að nýta þá þjónustu á meðan sóttkví stendur. Sá sem er í sóttkví ætti að taka fram að um sóttkví sé að ræða og varning ætti að skilja eftir við útidyr.
- Ef einstaklingur í sóttkví fær einkenni COVID-19 sýkingar ber honum að fara tafarlaust í PCR-próf (nota má einkabíl eða leigubíl og taka skal fram að hann sé í sóttkví) og í einangrun meðan hann bíður niðurstöðu. Heimilismenn á sama heimili þurfa að fara strax í sóttkví og bíða niðurstöðu PCR-prófsins. Reynist viðkomandi vera smitaður af COVID-19 (PCR-próf er jákvætt) þurfa heimilismenn að vera áfram í sóttkví samkvæmt fyrirmælum sóttvarnalæknis. Sá smitaði er áfram í einangrun undir eftirliti COVID-19 göngudeildar.
- Sjá einnig [leiðbeiningar um börn í sóttkví](#).
- ~~Sjá hér að neðan sérstakar reglur í sóttkví fyrir þríbólusetta (eða tvíbólusetta sem hafa smitast af COVID-19).~~

Einstaklingur í sóttkví á að halda sig heima við.

- Sóttkvíarstaður þarf að vera húsnæði sem telst fullnægjandi til sóttkvíar, sbr. [leiðbeiningar um húsnæði í sóttkví](#). Þetta getur verið heimili fólks en einnig leigu-/lánsíbúðir eða hótélherbergi.
- Einstaklingur í sóttkví **má** sækja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, að höfðu samráði fyrir fram við heilsugæslu/1700/112.

- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** nota almenningssamgöngur (þ.m.t. áætlunarflug innanlands, strætisvagna) en má nota leigubíl, bílaleigubíl eða einkabíl til að komast á sóttkvíarstað eftir komuna (og aftur á landamærastöð ef það á við), til að sækja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og til að komast til og frá seinni sýnatöku. Einstaklingar í sóttkví vegna ferðalags mega nota flugrútu.
- Við komuna til landsins er heimilt að ferðast frá landamærastöð að sóttkvíarstað. Heimilt er að gista eina nótt nærri landamærastöð áður en haldið er á sóttkvíarstað. Ef dvöl á Íslandi er skemmri en sóttkvíartímabil gildir það sama við brottför, þ.e. heimilt er að ferðast að landamærastöð.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** fara til vinnu eða skóla.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** fara á mannámót, hvort sem þau varða starf hans, fjölskyldu eða félagslíf.
- Einstaklingur í sóttkví **má** vera viðstaddur kistulagningu og útför ef hann fylgir sérstökum leiðbeiningum þar að lútandi. Niðurstaða úr sýnatöku skal liggja fyrir eftir ferðalag erlendis. Einstaklingur í sóttkví sem dvelur á sama stað/heimili og sýktur einstaklingur með COVID19 má ekki vera viðstaddur kistulagningu eða útför.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** fara sjálfur eftir aðföngum, þ. á m. í apótek, matvöruverslun, pósthús, banka eða annað.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** fara á veitingastaði, krár/vínveitingastaði, heilsuræktarstöðvar, sundlaugar, í leikhús, kvikmyndahús, verslanir eða aðra staði þar sem margir koma saman.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** dvelja í sameiginlegum rýmum fjölbýlishúsa, s.s. stigagöngum, þvottahúsum eða sameiginlegum gördum/útivistarsvæðum.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** taka á móti gestum á heimili sínu meðan sóttkví stendur yfir.
- Einstaklingur í sóttkví **má** fara út á svalir eða í garð sem er til einkaafnota.
- Einstaklingur í sóttkví **má** fara í gönguferðir í nærumhverfi sóttkvíarstaðar en þarf að halda sig í a.m.k. 2 metra fjarlægð frá öðrum vegfarendum og má ekki heimsækja fjölsóttastaði þrátt fyrir að vera undir beru lofti. Viðmið eru tvær gönguferðir á dag í hámark 30 mínútur í hvort sinn.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** fara í skoðunarferðir og má ekki fara út að keyra nema við komuna til landsins, þegar mögulega þarf að ferðast milli landamærastöðvar og heimilis, til að sækja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og í seinni sýnatöku eftir komu til landsins.

~~Sérstakar reglur um sóttkví þrífólusettra, eða tvífólusettra sem hafa smitast af COVID-19. -~~

~~Þeim einstaklingum sem gert hefur verið að satta sóttkví en hafa fengið þrjá skammta af bóluefni gegn COVID-19, eða hafa smitast af COVID-19 og verið bólusettir með tveimur skömmtum af bóluefni gegn COVID-19 þurfa ekki að viðhafa fullan aðskilnað við aðra á meðan sóttkví þeirra stendur.~~

~~Bóluefni þarf að vera viðurkennt af Lyfjastofnun og þriðji skammtur (eða annar skammtur hjá þeim sem hafa smitast af COVID-19) hafa verið gefinn fyrir a.m.k. 14 dögum.~~

~~Í sóttkví þessara einstaklinga felst takmörkun á athafnafrelsi í 5 daga eftir útsetningu smits með eftirfarandi hætti:~~

- ~~Einstaklingur má hvorki fara á mannámót né staði þar sem fleiri koma saman heldur en 20 manns.~~
- ~~Einstaklingur má sækja vinnu eða skóla þótt þar séu fleiri komnir saman en 20 manns.~~
- ~~Einstaklingur má sækja sér nauðsynlega þjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu, sækja matvöru eða lyfjaverslanir og nota almenningssamgöngur.~~
- ~~Einstaklingur skal bera grímu í umgengni við einstaklinga, aðra en þá sem teljast vera í nánum tengslum, þótt unnt sé að viðhafa tveggja metra fjarlægð.~~

- Einstaklingi er ekki heimilt að fara í heimsókn á heilbrigðisstofnanir, þ.m.t. hjúkrunarheimili, nema með sérstöku leyfi viðkomandi stofnunar. Einstaklingur skal enn fremur forðast umgengni við þá einstaklinga sem eru í aukinni hættu á alvarlegum veikindum ef þeir smitast af COVID-19.
- Einstaklingur skal undirgangast PCR-sýnatöku 5 dögum eftir útsetningu og losnar úr sóttkví ef niðurstaða er neikvæð. Dagur útsetningar er dagur núll.
- Dveljist einstaklingur í sóttkví án þess að viðhafa fullan aðskilnað við einstakling í einangrun skal sóttkví ekki aflétt fyrr en degi eftir afléttingu einangrunar þess einstaklings sem henni sætti. Einstaklingur í sóttkví skyldi þá nota strikamerki sem hann fær sent þegar einangrun hins/annarra á sama stað lýkur (en ekki eftir 5 daga).
- Einstaklingur sem gengst ekki undir PCR-próf til afléttingar á sóttkví skal sæta henni í 14 daga frá útsetningu fyrir smiti.
- Einstaklingi er skylt að undirgangast PCR-sýnatöku án tafar vakni hjá honum grunur um smit sökum einkenna. Neikvæð niðurstaða úr slíku prófi stytir þó ekki sóttkví.

FYLGISKJAL 2.

LEIÐBEININGAR SÓTTVARNALÆKNIS

fyrir almenning varðandi einangrun í heimahúsi.

Sóttkví er notuð þegar einstaklingur hefur mögulega smitast af sjúkdómi en er ekki ennþá veikur. **Einangrun** á við sjúklinga með einkenni smitandi sjúkdóms.

Heimild sóttvarnalæknis til að grípa til slíkra ráðstafana er að finna í 12. gr. [sóttvarnalaga](#) nr. 19/1997. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun um sóttkví eða einangrun skal beina til sóttvarnalæknis. Nánar um skyldu einstaklinga til að sæta sóttkví eða einangrun eða undirgangast sýnatöku vegna COVID-19 [má lesa hér](#).

Sérstakar leiðbeiningar til viðbótar geta gilt um sóttvarnahús/sóttkvíarhótel.

Einangrun.

Einstaklingar sem eru með grun um eða staðfesta COVID-19 sýkingu sem ekki þurfa á sjúkrahúsdvöl að halda, skulu vera í einangrun í heimahúsi eða á stað sem almannavarnir og heilsugæsla á hverjum stað tilgreina. Einstaklingur sem er með staðfesta sýkingu af COVID-19 skal vera í einangrun í 7 daga frá greiningu.

- Ítarlegar upplýsingar um smitleiðir og einkenni COVID-19 sýkingar má finna á [vef embættis landlæknis](#) og [covid.is](#).
- Smitleið er úða-, snerti- eða dropasmit. Það þýðir að veiran getur dreifst þegar veikur einstaklingur hóstar, hnerrar eða þurrkar sér um nefið og hraustur einstaklingur andar að sér úða eða fær framan í sig dropa/úða frá þeim veika eða hendur hans mengast af dropum/úða og hann ber þær svo upp að andliti sínu.
- Ef samskipti við utanaðkomandi eru óhjákvæmileg á sá sem er í einangrun að gæta vel að handhreinsun og nota andlitsgrímu. Ef gríma er ekki fáanleg má nota bréflurrku til að halda fyrir vitin þegar hóstað er eða hnerrað, en henni á að henda í plastpoka um leið og hún hefur verið notuð og hreinsa hendur vel.

- Einstaklingur í einangrun á að halda sig heima við og hafa bein samskipti við sem fæsta.
 - Einstaklingur í einangrun má **ekki** fara út af heimili nema brýna nauðsyn beri til, s.s. til að sækja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, þá að höfðu samráði fyrir fram við COVID-19 göngudeild Landspítala/heilsugæslu/1700/112. Reglulegt eftirlit lækna eða tannlækna, sjúkrapjálfun eða sérfræðingsheimsóknir sem ekki tengjast farsóttinni teljast **ekki** til nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu á meðan einangrun stendur og ætti að afpanta slíka þjónustu og fá nýjan tíma eftir að einangrun lýkur.
 - Ef þörf er fyrir lækniþjónustu meðan á einangrun stendur, hvort sem er versnandi COVID-19 sjúkdómur, önnur bráð veikindi eða slys þá er rétt að sá sem hefur samband við COVID-19 göngudeild Landspítala/heilsugæslu/1700/112 taki fram að einangrun sé í gildi. Það auðveldar aðgerðir til að hindra dreifingu mögulegs smits en á **EKKI** að tefja fyrir eða hamla því að einstaklingur fái nauðsynlega hjálp.
 - Einstaklingur í einangrun má **ekki** nota almenningssamgöngur eða leigubíla. Ef hann þarf að sækja heilbrigðisþjónustu má hann nota einkabíl ef hann er fær um að aka sjálfur eða aðrir sem eru með honum í einangrun eða í sóttkví, annars þarf að fá aðstoð við sjúkraflutninga í gegnum 1700/112.
 - Einstaklingur í einangrun má **ekki** fara til vinnu eða skóla þar sem aðrir eru. **Hann getur þurft að fá vottorð þess efnis í heilsuvera.is eða frá COVID-19 göngudeildinni. Biðlað hefur verið til vinnuveitenda að sýna skilning á því þegar starfsmaður þarf að sæta einangrun áfram eftir að hann hefur náð sér af veikindunum.**
 - Einstaklingur í einangrun má **ekki** fara á mannamót, hvort sem þau varða starf hans, fjölskyldu eða félagslíf. T.d. vinnufundir, samkomur vinnufélaga, samkomur stéttarfélaga, fermingar, jarðarfarir, saumaklúbbar, kóræfingar, tónleikar o.s.frv.
 - Einstaklingur í einangrun má **ekki** fara á veitingastaði, heilsuræktarstöðvar, sundlaugar, í leikhús, kvikmyndahús, verslunarmiðstöðvar eða aðra staði þar sem margir koma saman.
 - Einstaklingur í einangrun má **ekki** fara sjálfur eftir aðföngum, þ. á m. í apótek, matvöruverslun, pósthús, banka eða annað. o Einstaklingur í einangrun má **ekki** dvelja í sameiginlegum rýmum fjölbýlishúsa, s.s. stigagöngum, þvottahúsum eða sameiginlegum gördum/útivistarsvæðum.
 - Einstaklingur í einangrun má **ekki** taka á móti gestum á heimili sínu meðan einangrun stendur yfir.
 - Einstaklingur í einangrun **má** fara út á svalir eða í garð til **einkaafnota** við heimilið ef heilsa leyfir. Ef aðrir eru þar líka þarf sá sem er í einangrun að fara inn aftur og huga að handhreinsun áður en hann kemur við hurðarhúna sem aðrir nota o.þ.h.
 - Einstaklingur í einangrun **má** fara í gönguferðir í nærumhverfi heimilis en þarf að halda sig í a.m.k. 2 metra fjarlægð frá öðrum vegfarendum og má ekki heimsækja fjölsóttu staði þrátt fyrir að vera undir beru lofti. Viðmið eru tvær gönguferðir á dag í hámark 30 mínútur í hvort sinn.
 - Einstaklingur í einangrun **má** fara í gegnum stigagang í fjölbýlishúsi á leið inn og út en má ekki dvelja þar og þarf að halda sig í a.m.k. 2 m fjarlægð frá öðrum. Betra er að einstaklingur í einangrun noti **stiga** en hann/hún má nota lyftu ef þarf en skal þá vera einn/ein í lyftunni. Huga þarf vel að hreinlæti í sameignarrýmum, koma við sem fæst yfirborð og strjúka af þeim sem snert eru með sóthreinsandi efni eftir snertingu.
 - Einstaklingur í einangrun **má** fara út með heimilissorp ef heilsa leyfir og aðrir eru ekki á heimilinu til að sinna því. Viðkomandi skyldi bera grímu ef líklegt er að mæta fólki á leiðinni, s.s. í fjölbýlishúsum, eða hafa meðferðis bréfpurrku til nota við hósta og hnerra og sinna handhreinsun fyrir og eftir opnun sorprennu/ruslageymslu og gjarnan strjúka yfir handföng með sóthreinsandi efni eftir snertingu.
- Takmarka þarf til hins ítrasta umgengni við annað fólk.

- Best er að einstaklingur sem er veikur sé einsamall í einangrun. Aðrir heimilismenn geta verið í sóttkví á sama stað ef þeir vilja ekki fara af heimilinu en ættu að takmarka snertingu við þann sem er í einangrun eins og raunhæft er, helst að halda sig í a.m.k. 2 m fjarlægð frá hinum sjúka. **Ef fleiri veikjast á heimilinu lengir það tíma sem aðrir heimilismenn þurfa að vera í sóttkví og eykur hættu á að þeir veikist einnig og sæti einangrun.**
 - Ef **hluti** heimilismanna er í einangrun þurfa aðrir heimilismenn að vera í sóttkví ef þeir hafa verið á heimilinu þegar fyrstu einkenni komu fram.
 - Sóttkví sem fer fram á heimili þar sem einhver er í einangrun lýkur með sýnatöku **eftir** að einangrun hefur verið aflétt. Heimilismenn geta þá gert ráð fyrir sóttkví degi lengur en einangrun varir og skyldu ekki fara í sýnatöku til að aflétta sóttkví fyrr en einangrun er lokið.
 - Rétt er að reyna að hafa glugga opna í sameiginlegum rýmum s.s. eldhúsi og baði.
 - Þrífið vel sameiginleg rými og helstu snertifleti, s.s. handfang á kæliskáp, ljósarofa og hurðarhúna.
 - Einstaklingur í einangrun ætti að sofa í sérherbergi eða að lágmarki í sérrúmi. Æskilegt er að hann hafi salerni til einkaafnota.
 - Mikilvægt er að beita grundvallar hreinlæti til að draga úr hættu á smiti (sjá leiðbeiningar um [handþvott](#) og [sýkingavarnir fyrir almenning](#) á vef embættis landlæknis).
 - Bréfpurrkur sem einstaklingur í einangrun notar eiga að fara beint í plastpoka sem er síðan lokað og hent með öðru heimilissorpi.
 - Æskilegt er að hafa handspritt við höndina þar sem sá veiki er.
- Einstaklingur í einangrun getur þurft að fá aðstoð við aðföng o.þ.h.
 - Þegar heimilið **allt** er í sóttkví eða einangrun er hugsanlegt að vinir eða ættingjar geti sinnt aðföngum og skilið eftir við útidyr. Þó eru sérstakar reglur um sóttkví þeirra sem eru þríbólusettir, eða tvíbólusettir sem hafa smitast af COVID-19.
 - Ef heimsending matvæla og annarra nauðsynja er í boði á svæðinu er hægt að nýta þá þjónustu á meðan sóttkví stendur.
 - Hægt er að hafa samband við Rauða krossinn varðandi aðföng eftir þörfum. Allir sem staddir eru hér á landi en þurfa að vera í einangrun í heimahúsi geta haft samband við hjálparsíma Rauða krossins í símanúmerinu 1717 eða á netspjalli á www.1717.is. Þar er hægt að óska eftir aðstoð, leita stuðnings, fá upplýsingar og ræða við einhvern í trúnaði. Hjálparsíminn er opinn allan sólarhringinn og númerið er gjaldfrjálst.
 - Ef sá veiki þarfnast aðhlynningar er æskilegt að einn og sami aðili sinni því hlutverki meðan veikindin standa yfir.
 - Forðist beina snertingu við líkamsvessa (slím úr öndunarvegi, uppköst, hægðir o.s.frv.). Hafið einnota hanska við höndina til að nota ef snerta þarf slíkt.
 - Þvoið hendur eða notið handspritt eftir snertingu við sjúkling eða umhverfi hans.
 - Spurningalisti frá COVID-19 göngudeild Landspítala kemur á [Mínar síður](#) í Heilsuveru og má finna undir „Spurningalistar“ í valmynd vinstra megin á síðunni. Einstaklingur mælir líkamshita sinn daglega og skráir.
 - Ef viðkomandi einstaklingur hefur versnandi einkenni ber honum að fylla út spurningalistann á Heilsuveru og getur þar óskað eftir símtali frá COVID-19 göngudeild. Annars er hægt að hafa samband við heilsugæsluna í síma eða Læknavaktina í gegnum netspjall eða 1700.
 - Ef einstaklingur í einangrun verður fyrir bráðum veikindum og talin er þörf á sjúkrabíl til flutnings á sjúkrahús skal upplýsa starfsmann hjá 112 um grunaða/staðfesta COVID-19 sýkingu.

Hvernig er einangrun aflétt eftir COVID-19 sýkingu?

Einstaklingur sem er með staðfesta sýkingu af COVID-19 skal vera í einangrun í 7 daga frá greiningu. Dagur greiningar er dagur núll (jákvætt PCR-próf). Læknum COVID-19 göngudeildar Landspítala er heimilt að lengja einangrun á grundvelli læknisfræðilegs mats. Starfsfólk COVID-19 göngudeildar annast útskriftir.

Allir fá þau tilmæli að huga sérstaklega vel að handþvotti og hreinlæti í tvær vikur eftir að einangrun hefur verið aflétt. Þá ber þeim einnig að forðast umgengni við viðkvæma einstaklinga svo sem eldra fólk og [einstaklinga í áhættuhópum fyrir alvarlegri veikindum](#) í 2 vikur. Heilbrigðisstofnanir, hjúkrunarheimili, dagdvalir og aðrar sambærilegar stofnanir þar sem viðkvæmir einstaklingar eru skulu setja sér verklag um endurkomu starfsmanna eftir COVID-19 veikindi.

Sérstök tilvik.

- Einkennalausir einstaklingar: Krafist er að einstaklingur hafi verið alveg hitalaus og alveg laus við einkenni eins og slappleika/veikindatilfinningu, hósta, mæði, nefrennsli.
- Sambýlisfólk í sóttkví og einangrun saman: Aflétta má sóttkví sambýlismanna þess sem var í einangrun þegar einangrun lýkur þegar ekki er fullur aðskilnaður milli einstaklinga. Sóttkví lýkur þá með neikvæðu PCR-prófi eftir að einangrun hefur verið aflétt. Heimilismenn skulu gera ráð fyrir sóttkví einum degi lengur en einangrun varir. Sambýlisfólk á við alla á sama heimili, einnig börn, sem ekki eru alveg aðskilin frá hinum einangraða. Sérstakar reglur gilda nú um þríbólusetta, eða tvíbólusetta sem hafa smitast af COVID-19 (sjá nánar í leiðbeiningum sóttvarnalækna um heimasóttkví).
- Sambýlisfólk allt í einangrun saman: Þegar fyrsti einstaklingurinn í hópnum losnar úr einangrun (sbr. að ofan) geta aðrir þurft að vera áfram í einangrun. Mikilvægt er að sá útskrifaði þrífi sig vel áður en hann fer út af heimilinu. Eins þarf að passa að fatnaður og aðrir hlutir sem fara með honum út af heimilinu séu hreinir. Mikilvægt er að allir heimilismenn þrífi sig og heimili vel þegar einangrun allra er aflétt. Sambýlisfólk á við alla á sama heimili, einnig börn.
- Heilbrigðisstarfsfólk: Sömu reglur gilda og um aðra, þessi hópur þarf þó að huga að verkefnum viðkomandi þegar hann snýr aftur til starfa (viðkvæmir hópar). Læknir og yfirmaður meta hvert tilfelli fyrir sig.

FYLGISKJAL 3.**LEIÐBEININGAR SÓTTVARNALÆKNIS
um húsnæði í sóttkví.**

Einstaklingar eiga að dvelja í sama húsnæði allan tímann sem sóttkví varir. Við komuna til landsins er heimilt að gista eina nótt á viðeigandi gististað m.t.t. sóttkvíar nærri landamærastöð áður en ferðast er rakleitt á endanlegan dvalarstað í sóttkví næsta dag. Ekki má fara á milli gististaða eða landshluta að óþörfu. Dæmi um réttlæt看lega ástæðu fyrir að færa sig um set á meðan sóttkví varir er ef veikindi koma upp meðal einstaklinga í sóttkví og sá veiki þarf að fara á sjúkrahús. Mikilvægt er að tilfærsla á dvalarstað í sóttkví sé tilkynnt til almannavarna t.d. gegnum netspjall á covid.is.

Þær kröfur sem húsnæði, sem er notað fyrir sóttkví hvort sem um ferðamenn er að ræða eða útsetningu fyrir smiti innanlands, þarf að uppfylla eru eftirfarandi:

- Einstaklingsherbergi eða einnar fjölskyldu einingar.
- Sér salerni fyrir hvert herbergi/einingu.
- Til staðar þarf að vera rúm/dýna fyrir hvern einstakling eða þeir koma með slíkt með sér.
 - Fjölskyldueining þarf að vera nægilega stór til að a.m.k. 1 metri geti verið á milli rúmstæða.
- Sér aðstaða til að elda/neyta matar.
- Aðilar sem ekki hafa verið útsettir fyrir smiti mega búa með einstaklingi sem er í sóttkví en gæta að smitvörnum og forðast nánin samskipti eins og kostur er. Þeir aðilar mega fara til vinnu og í skóla.

Þar sem einstaklingar í sóttkví mega **ekki** fara á veitingastaði eða í matvöruverslanir er mikilvægt að skoða hvaða kostir m.t.t. aðfanga bjóðast á svæðinu eða á gististaðnum sem valinn er. Til dæmis þarf að vera ljóst hvort hægt sé að fá máltíðir á sóttkvíarstað eða hvort aðstaða er til að útbúa mat í sóttkvíarúrræði.

Fjallaskálar, farfuglaheimili/gistiskýli og tjaldsvæði þar sem margir aðilar sem ekki deila sama heimili nota sömu hreinlætisaðstöðu mega ekki bjóða upp á gistingu í sóttkví. Einstaklingar í sóttkví mega **ekki** nota slíka aðstöðu, frekar en önnur almenningsrými þar sem margir koma saman eða nota sömu hreinlætisaðstöðu.

Ef dvalið er í fjölbýlishúsi eða á hóteli/gististað þar sem aðrir ganga um þarf að gæta vel að 2 metra reglu og handhreinsun þegar farið er inn/út eða gengið er um sameiginleg rými. Forðast skal að snerta sameiginleg yfirborð og ekki má dvelja í sameiginlegum rýmum meðan á sóttkví stendur s.s. stigagangi, þvottahúsi, gestamóttöku hótels, saunu, sundlaug o.s.frv.

Hver eining/íbúð þarf að hafa þvottaaðstöðu, að öðrum kosti þarf að hafa nægilegan fatnað meðferðis til að dugi fyrir alla dvölinu í sóttkví og huga vel að þörf fyrir lín. Hótel sem býður upp á aðstöðu fyrir sóttkví þarf að tryggja gestum aðgang að líni s.s. handklæðum og lókum sem fullnægir þörfum allra einstaklinga í sóttkví allan tímann sem hún varir, sjá einnig [leiðbeiningar fyrir sóttvarnahús](#).

Samskipti við starfsmenn á gististað eiga að fara fram í síma eða með öðrum fjarskiptaleiðum.

Einstaklingar í sóttkví **mega** nota garð eða svalir sem eru til einkaafnota fyrir þeirra einingu í sóttkvíaraðstöðu meðan á sóttkví stendur. Ef slíkt er ekki til staðar mega einstaklingar í sóttkví fara í göngutúra á almannafæri sér til heilsubótar í nágrenni sóttkvíarstaðar en skulu gæta 2 metra fjarlægðar frá öðrum vegfarendum bæði meðan þeir koma sér frá sóttkvíareiningu og út fyrir útidyr húsnæðis og eins meðan útivist er stunduð. Viðmið eru tveir göngutúrar á dag í hámark 30 mínútur í hvort sinn.

Einstaklingar í sóttkví mega **ekki** nota aðstöðu eða búnað á almannafæri hvort sem er innan húsnæðis þar sem sóttkví fer fram eða utan, s.s. bekki, borð, líkamsræktartæki, salerni/hreinlætisaðstöðu/vatnsbrunna.

Leyfilegt er að fara á sýnatökustað í seinni sýnatöku eftir ferðalag eða í boðaða sýnatöku vegna nándar við tilfelli (má fara gangandi, í einkabíl/bílaleigubíl eða leigubíl) og til baka aftur á sóttkvíarstað til að biða niðurstöðu.

Ef um sóttkví á hóteli eða í sóttvarnahúsi er að ræða þar sem eru starfsmenn sem sinna t.d. eftirliti með húsnæði, aðföngum og þrifum þarf jafnframt að vera til staðar sér aðstaða fyrir starfsmenn sem veita þjónustu innan hússins (handþvottaaðstaða, salernisaðstaða, matar- og vinnuaðstaða) sem einstaklingar í sóttkví hafa ekki aðgang að.

Þeir sem ekki geta dvalist í húsnæði sem uppfyllir ofangreindar kröfur þurfa að dvelja í sóttvarnahúsi í sinni sóttkví.

[Nánari leiðbeiningar um reglur í sóttkví](#) er að finna á heimasíðu embættis landlæknis.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.